



Barnaheill

Save the Children Iceland



Átta ára drengur óskar eftir íbúð

Málþing 17. febrúar 2011

Börn sem eru vitni að heimilisofbeldi
Rannsókn Barnaheilla – Save the Children á
Íslandi á félagslegum stuðningi og úrræðum

Örnólfur Thorlacius,
sálfræðingur / verkefnastjóri



Barnaheill

Save the Children Iceland



Rannsókn Barnaheilla – Save the Children

- Samvinnuverkefni Barnaheilla á Spáni, Ítalíu og Íslandi.
- Styrkt af Daphne áætlun Evrópusambandsins.
- Markmið rannsóknarinnar er að kanna stuðning og úrræði við börn sem hafa verið vitni að heimilisofbeldi (kynbundið ofbeldi)



Barnaheill

Save the Children Iceland



Rannsókn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

- Viðtöl við fagfólk í Reykjavík
- Ráðgjafahópar Barnaheilla – Save the Children á Íslandi
 - Sjónarmið unglunga (nemendur í 8. bekk)



Barnaheill

Save the Children Iceland



Tidrög rannsóknarinnar

- Alþjóðleg vakning gagnvart áhrifum þess að börn eru vitni að heimilisofbeldi
- Rannsókn Kofi Annan og UNICEF (2006)
 - Allt að 275.000.000 börn sem eru vitni að heimilisofbeldi árlega
 - Ísland: 2000 börn sem eru vitni að heimilisofbeldi á ári hverju



Barnaheill

Save the Children Iceland



Sáttmáli Evrópuráðsins um afnám ofbeldis gegn konum (13. janúar 2011)

- Inniheldur sérstök ákvæði um að tryggja eigi sérhæfð úrræði fyrir börn sem hafa verið vitni að heimilisofbeldi, sem taka eiga mið af þroska þeirra og aldri
- Með þessu er verið að beina sjónum sérstaklega að börnunum, sem hafa hingað til fallið í skugga foreldra sinna



Barnaheill

Save the Children Iceland



Hver er staðan á Íslandi?

- Fáar sem engar rannsóknir hafa verið gerðir á Íslandi á börnum sem eru vitni að heimilisofbeldi
- Takmörkuð umfjöllun í fjölmiðlum
- Aðgerðaáætlun stjórnvalda vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis (2007-2011)
 - Mikilvægt skjal sem viðurkennir kynbundið ofbeldi á Íslandi sem samfélagslegt vandamál
 - Sérstakur kafli um börn, en engin úrræði tilgreind fyrir börn sem eru vitni að heimilisofbeldi
 - Úrræðin í kaflanum miðast við fullorðna



Barnaheill

Save the Children Iceland



Viðmælendur í rannsókn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

- Lögregla

- Yfirmaður kynferðisbrotadeildar og rannsóknarlögreglupjónn

- Félagsþjónusta

- Deildarstjórar sérfræðipjónustu grunn- og leikskóla (skólasálfræðingar)

- Dómskerfið

- Héraðsdómarar



Barnaheill

Save the Children Iceland



Viðmælendur í rannsókn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

- Kvennaathvarfið
 - Framkvæmdastýra
- Barnavernd
 - Forstjóri Barnaverndarstofu, framkvæmdastjóri Barnaverndar RVK og sálfræðingur sem annast hópmeðferð fyrir börn á vegum Barnaverndarstofu
- Heilbrigðiskerfið
 - Landlæknir, yfirlæknir BUGL, deildarstjóri BUGL, deildarstjóri áfallamiðstöðvar LSH



Barnaheill

Save the Children Iceland



Helstu niðurstöður rannsóknar Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

- Flestar tilkynningar til barnaverndar Reykjavíkur um að börn eru vitni að heimilisofbeldi koma frá lögreglu (í yfir 90% tilvika)
- Fáar tilkynningar frá öðrum aðilum, nema helst frá slysa- og bráðamóttöku



Barnaheill

Save the Children Iceland



Helstu niðurstöður rannsóknar Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

- Líkleg skýring á að fáar tilkynningar af þessum toga berast frá öðrum aðilum:
 - Ekki skimað gagnvart ofbeldi milli foreldra hjá félagsþjónustu/sérfræðipjónustu skóla, né hjá BUGL
- Ekki skimað gagnvart ofbeldi gegn mæðrum, eða milli foreldra, hjá barnavernd
 - Edelson, 1999, segir að 30-60% barna sem eru vitni að ofbeldi gegn móður verði einnig fyrir líkamlegu ofbeldi



Barnaheill

Save the Children Iceland



Viðbrögð Barnaverndarnefndar Reykjavíkur við tilkynningunum

- Leiða til íhlutunar í minnihluta tilvika
- Í mörgum tilvikum er bréf sent til þolanda ofbeldis og bent á almenn úrræði annars staðar, s.s. félagsþjónustu eða Kvennaathvarf
- Ekki talið viðeigandi að ganga á mæður sem hafa orðið fyrir ofbeldi



Barnaheill

Save the Children Iceland



Rannsókn Stanley og féлага (2010)

- Breskir barnaverndarstarfsmenn lýstu því að þeir vildu ekki þrýsta á mæður sem voru sjálfar þolendur ofbeldis
- Lögð er áhersla á að barnavernd endurskoði þau vinnubrögð að senda bréf, því það sé spurning hversu miklum árangri það skili
- Hvetja til að úrræði hjá öðrum stofnunum sem koma að málum mæðra og barna, s.s. félagsþjónustu, verði eflað og gerð aðgengileg



Barnaheill

Save the Children Iceland



Hverjir ræða við börnin í Reykjavík?

- Lögreglan ræðir ekki við börn á vettvangi, nema ef börnin þurfa að komast undir læknishendur
 - Barnaverndarstarfsmenn fara nær aldrei í heimilisofbeldisútköll með lögreglu (í 1% tilvika)
- Enginn virðist ræða kerfisbundið við börnin



Barnaheill

Save the Children Iceland



Hverjir ræða við börnin í Reykjavík?

- Sjaldnast er rætt við börn, sem eru vitni að heimilisofbeldi, hjá félagsþjónustu
 - Skólasálfræðingarnir sem rætt var við segjast ekki hafa móttekið tilvísanir frá félagsþjónustu



Barnaheill

Save the Children Iceland



Hverjir ræða við börnin í Reykjavík?

- Hjá barnavernd Reykjavíkur er eingöngu rætt við börnin ef farið er í könnun máls, sem er í minnihluta tilvika
 - Ákvarðanir um hvort farið er í könnun máls eru teknar út frá lögregluskýrslum eða út frá greinandi viðtölum við mæður



Barnaheill

Save the Children Iceland



Hvað vilja börn við þessar aðstæður?

- Rannsókn Stanley, Miller, Foster og Thomson (2010)
 - Börnum fannst óþægilegt að vita ekki hvað var í gangi og vildu að talað væri við þau og að þau fengju upplýsingar um stöðuna
 - Í viðtölum við lögreglumenn kom fram að þeir voru hikandi við að ræða við börnin og það sama virðist gilda hér á landi



Barnaheill

Save the Children Iceland



Rannsókn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi:

- Það er skilningur hjá nær öllum viðmælendum að börnin séu fórnarlömb líkt og mæður þeirra, þar sem þau búa við erfiðar aðstæður
- Fæstir viðmælendur svara hins vegar út frá sjónarhorni barnsins



Barnaheill

Save the Children Iceland



Rannsókn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

- Dæmi um sjónarhorn barns
 - Sektor- og ofurábyrgðarkennd barna
 - Átta ára drengur óskar eftir íbúð
- Rannsókn Mullender og féлага (2002)
 - Gagnrýna rannsóknir á börnum sem eru vitni að heimilisofbeldi þar sem flestar þeirra byggja á gögnum frá fullorðnum



Barnaheill

Save the Children Iceland



Er þörf á fræðslu til fagfólks á Íslandi?

- Í aðgerðaáætlun stjórnvalda gegn ofbeldi á heimilum (2007-2011) er áhersla á að kenna fagfólki einkenni hjá börnum sem búa við ofbeldi
- Nýlegar heildargreiningar (*metaanalysis*) fjalla um takmarkanir rannsókna á börnum sem eru vitni að heimilisofbeldi
 - Vandkvæði barnanna spanna breitt svið
 - Misvísandi niðurstöður rannsókna



Barnaheill

Save the Children Iceland



Hegðunarvandkvæði, tilfinningalegur sársauki, lítið sjálfssálit, lítil félagsleg færni, erfiðleikar við lausn félagslegra vandamála, átraskanir og líkamleg óþægindi, þunglyndi, svefnraskanir og áfallastreituröskun (PTSD), andfélagsleg hegðun, einmanaleiki, skortur á trausti og vanmáttartilfinning, ótti, skelfing, sektarkennd og angist, sjálfsvígshugsanir eða áform um stök, reiði, misnotkun fíkniefna og áfengis, slæm geðheilsa, börnin taka á sig foreldrahlutverk, ofvirkni, stöðug spenna, vandamál tengd kynlífi eða kynmök hefjast við mjög ungan aldur, missir sjálfssöryggis, erfiðleikar við að eignast vini og halda þeim, skröp og aðrir erfiðleikar í skóla, átraskanir, svo sem lystarstol (anorexia) og lotugræði (bulima), líkamleg óþægindi án nokkurra raunverulegra líkamlegra orsaka, eru oft seinni til þroska, skólaganga þeirra er oft rofin eða þau mæta illa í skóla, þau eiga oft erfitt með að einbeita sér eða að muna, erfiðleikar við að tengjast öðru fólki, sjálfsskaðandi hegðun, taugasjúkdómar, þreyta, móðurlífsvandamál, slæm heilsa, sjúkdómar sem geta verið tengdir stressi, svo sem astmi, bronkítis eða húðsjúkdómar, ósjálfráð þvaglát eða hægðalosun, stök að heiman, erfiðleikar við að borða, sífelldir verkir, unglingsþunganir og fósturskaðar.



Barnaheill

Save the Children Iceland



Sýn viðmælenda á þarfir barnanna

- Margir viðmælenda leggja áherslu á vinnu með foreldrum
 - Uppeldisráðgjöf, foreldraþjálfun, forvarnanámskeið til nýbakaðra foreldra
- Fáir nefndu þörf á sérsniðnum úrræðum fyrir börnin
- Úrræði Barnaverndarstofu: hópmeðferð fyrir börn (Trauma-focused cognitive behavioral therapy)



Barnaheill

Save the Children Iceland



Áhugaverðar niðurstöður Ráðgjafahópa Barnaheill – Save the Children á Íslandi

- Munur var á svörum eftir kyni
 - Drengir höfðu áhyggjur af því að barnavernd myndi fjarlægja þá af heimilinu
 - Gætu þá ekki passað mömmu sína
 - *þá myndi ég alltaf vera að hugsa „hann er kannski að lemja mömmu mína núna”*
 - Stúlkur virtust hafa meiri trú á barnavernd, þ.e. að barnavernd myndi aðstoða barn við að komast til sálfræðings